

Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og ýmsum öðrum lögum (vigtun sjávarafla, afladagbók, kæling afla, stjórnvaldssektir, refsiviðurlög og framsal eftirlits).

(Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Allur afli skal veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans. Skal við vigtunina nota löggilta vog og vigta hverja fisktegund sérstaklega. Vigtun skal framkvæmd af starfsmanni hafnar sem hlotið hefur til þess löggildinga. Sé hafnarvog ekki í verstöð eða ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur Fiskistofa tímabundið leyft vigtun með öðrum hætti. Hafnaryfirvöld á hverjum löndunarstað skulu hafa umsjón með vigtun afla og söfnun upplýsinga um landaðan afla. Hafnaryfirvöld skulu hafa umsjón með að þeim reglum sem settar hafa verið um vigtun á hverjum löndunarstað sé framfylgt.

b. Lokamálsliður 2. mgr. orðast svo: Ráðherra skal með reglugerð setja nánari skilyrði um leyfi samkvæmt þessari málsgrein, þ.m.t. um afturköllun leyfa.

c. Á eftir 2. mgr. koma sex nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Allur afli skal kældur með fullnægjandi hætti í samræmi við 12. gr. a og reglugerðir þar um. Aflinn skal veginn í flutningsílátum með ís.

Við vigtun afla dagróðrabáta er vigtarmanni heimilt að draga tiltekið íshlutfall frá vegnum afla í samræmi við reglugerð þar um, enda hafi aflinn verið nægjanlega ísaður og ís greinilegur í aflanum við vigtun. Ef enginn ís er í afla á hafnarvog er ekki um frádrátt vegna íss að ræða. Afla dagróðrabáta, sem veginn er á hafnarvog, skal skrá í aflaskráningarkerfi Fiskistofu og er sú aflaskráning endanleg.

Dagróðrabátur samkvæmt lögum þessum telst bátur sem að jafnaði kemur til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að veiðiferð hófst.

Útgerðir fiskiskipa, annarra en dagróðrabáta, vinnsluskipa eða skipa sem stunda veiðar á uppsjávarfiski, skulu gera samning við Fiskistofu um fyrir fram tiltekna nettóvigt afla í hverju flutningsíláti sem landað er og skal skrá þá vigt í aflaskráningarkerfi Fiskistofu. Er sú aflaskráning endanleg. Afli þessara skipa skal veginn á hafnarvog í samræmi við ákvæði þessarar greinar og skrást í aflaskráningarkerfi Fiskistofu. Ráðherra

getur ákveðið með reglugerð tiltekið hlutfall íss eða kælimiðils í afla þessara skipa, sem komi til frádráttar við vigtun, þegar flutningsílát eru ekki fullnýtt, enda hafi aflinn verið nægjanlega ísaður og ís greinilegur í aflanum við vigtun. Útgerðir, sem gera samning við Fiskistofu, skulu útvega fullnægjandi aðstöðu til að nettóvígta afla í eftirlitsskyni eða greiða kostnað við slíka aðstöðu.

Vígta skal afla uppsjávarfisks í því ástandi sem hann er í við löndun.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar svo sem um vigtun afla, samninga útgerða við Fiskistofu um nettóvigt afla, aðstöðu til nettóvigtunar, kostnað við eftirlit, vigtunarleyfi og leyfilegan frádrátt frá vegnum afla vegna áætlaðs hlutfalls íss í afla. Heimilt er með reglugerð að ákveða mismunandi frádrátt fyrir hverja fisktegund fyrir sig, eftir árstíðum eða vegna sérstakrar ráðstöfunar aflans. Ráðherra er jafnframt heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um afla lin-, lið- og skrápdyra, grásleppu, fisks í áframeldi, búnað og fyrirkomulag við vigtun uppsjávarafila og frádrátt vegna vökvataps og hvernig skuli umreikna afurðir skipa sem vinna afla um borð. Sé notast við annan kælimiðil en ís við kælingu afla er ráðherra heimilt í reglugerð að ákveða frádrátt frá vegnum afla vegna hlutfalls þess kælimiðils í afla.

d. Í stað orðanna „3. mgr.“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: 9. mgr.

2. gr.

Í stað 3. mgr. 9. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Skipstjórar fiskiskipa skulu halda sérstaka rafræna afladagbók og sérstaka vinnsludagbók þar sem það á við. Afla skal skrá í afladagbók svo fljótt sem verða má. Upplýsingar um afla skal skrá áður en að landi er komið. Þegar nót eða dregið veiðarfæri er notað skal skrá afla strax eftir hvert hal eða kast.

Upplýsingar um magn afla eftir tegundum skal skrá nákvæmlega þannig að frávik frá skráðri nettóvigt afla á hafnarvog sé ekki meira en 10%. Þegar afli er settur í flutningsílát skal merkja þau með dagsetningu veiðidags.

Skipstjóra er skylt að veita eftirlitsmönnum Fiskistofu og starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands aðgang að rafrænni afladagbók og aðstoða við að sannreyna upplýsingar sem færðar hafa verið í afladagbókina. Sama gildir um skipstjóra sem heimild hefur til að færa afladagbók á bókarformi.

Með reglugerð er heimilt að kveða á um upplýsingar sem skrá skal í afladagbækur, form þeirra, skil á afladagbókum til Fiskistofu, eftirlit með skráningu og undanþágu frá skyldu til að halda rafræna afladagbók við sérstakar aðstæður.

3. gr.

1. og 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að taka við, vinna eða stunda viðskipti með afla eða hafa milligöngu um viðskipti með afla sem ekki hefur verið veginn samkvæmt gildandi reglum um vigtun sjávarafila.

Aðilar sem taka við, vinna eða stunda viðskipti með afla eða hafa milligöngu um viðskipti með afla eða afurðir vinnsluskipa skulu fylla út og skila skýrslum um ráðstöfun afla í því formi og með þeim hætti sem ráðuneytið ákveður.

4. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur nýr kafli, IV. kafli, **Kæling afla**, með einni nýrri grein, 12. gr. a, svohljóðandi, og breytast númer annarra kafla samkvæmt því:

Allan afla skal kæla eins fljótt og auðið er eftir að hann er kominn um borð í veiðiskip og þar til vinnsla aflans hefst til þess að tryggja gæði afla og hámarka verðmæti hans. Skipstjóri skal tryggja að hitastig afla sé í samræmi við kröfur reglugerða þar um.

Sé ís notaður skal nægur ís vera í flutningsláti frá flutningi afla til hafnar þar til hann er unninn. Skipstjóri skal að beiðni Fiskistofu geta sýnt fram á að nægur ís sé til staðar, eða hafi verið til staðar, til að kæla afla sem um borð kemur í veiðiferðinni. Afla skal verja fyrir áhrifum sólar og annarra hitagjafa eins fljótt og auðið er eftir að hann er kominn um borð. Afli sem geymdur er utan dyra skal varinn fyrir umhverfismengun og sólarljósi með loki eða yfirbreiðslu.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem um hitastig afla, tegund kælibúnaðar og aðferð við kælingu eða eftirlit með kælingu afla.

5. gr.

Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, 13. gr. a, svohljóðandi:

Fiskistofa framkvæmir viðbótareftirlit hjá útgerðum eða hjá vigtarleyfishöfum þegar fyrir liggur grunur eða vísbendingar úr reglubundnu eftirliti stofnunarinnar um brot á lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvæðum leyfa settum samkvæmt þeim. Raunkostnað af viðbótareftirliti skal útgerð eða vigtarleyfishafi greiða. Gjald fyrir viðbótareftirlit skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi Fiskistofu. Innheimta má gjald vegna viðbótareftirlits með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Fiskistofu er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna viðbótareftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak viðbótareftirlits Fiskistofu og skal hann gefa út gjaldskrá fyrir viðbótareftirlitið að fengnum tillögum stofnunarinnar.

6. gr.

Í stað orðanna „sbr. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: sbr. 3. mgr. 15. gr. laga um stjórn fiskveiða.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „skal svipta“ í 1. mgr. kemur: getur svipt.
- b. Í stað orðanna „Við fyrsta brot, sem varðar sviptingu“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: Við fyrstu sviptingu.
- c. Í stað orðanna „ítrekuð brot“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: ítrekaðar sviptingar.
- d. Í stað orðanna „skal“ og „veita“ í 3. mgr. kemur: getur; og: veitt.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „skal afturkalla“ í 1. mgr. kemur: getur afturkallað.
- b. Í stað orðanna „skal“ og „veita“ í 3. mgr. kemur: getur; og: veitt.
- c. Í stað orðanna „26 vikur eru liðnar frá afturköllun“ í 2. másl. 4. mgr. kemur: eitt ár er liðið frá afturköllun fyrra leyfis.

- d. Lokamálsliður 4. mgr. fellur brott.
- e. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi aðili sem sækir um endurútgáfu leyfis, eftir afturköllun samkvæmt ákvæðum þessara greinar, gerst sekur um ítrekuð eða stórfelld brot á III. kafla laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim, getur Fiskistofa bundið leyfi til vigtunar sérstökum skilyrðum, m.a. um að Fiskistofu skuli tilkynnt um vigtanir með hæfilegum fyrirvara og um myndavélaeftirlit eða annað viðbótareftirlit og skal leyfishafi bera kostnað sem af slíkum skilyrðum hlýst.

9. gr.

Á eftir orðunum „samkvæmt þessum kafla“ í 18. gr. laganna kemur: öðrum en um álagningu stjórnvaldssekta.

10. gr.

Á eftir 18. gr. laganna koma fimm nýjar greinar, 18. gr. a – 18. gr. e, svohljóðandi:

a. (18. gr. a.)

Fiskistofa skal við reglubundið eftirlit við vigtun afla velja af handahófi það úrtak sem vigta skal þannig að það gefi sem réttasta mynd af veiddum afla. Ef fram koma tiltekin frávik frá umsamdri nettóvigt í flutningsílátum við reglubundið eftirlit Fiskistofu skal stofnunin vigta stærra úrtak og sé enn um að ræða frávik umfram tiltekin mörk skal vigta allan afla skipsins. Ráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd vigtunar við eftirlit samkvæmt þessari grein, svo sem um stærð úrtaks eftir aflamagni og leyfileg frávik.

b. (18. gr. b.)

Fiskistofa getur lagt stjórnvaldssektir á útgerðir fiskiskipa, skipstjóra, vigtarleyfishafa, löggiltan vigtarmann eða ökumann afla, hvort heldur um er að ræða einstakling eða lögaðila, ef viðkomandi brýtur gegn:

- a. ákvæðum 1. mgr. 2. gr. og stjórnvaldsfyrirmæla um notkun á einstökum veiðarfærum eða tilhögun veiða þannig að afli skemmist í veiðarfærum,
- b. ákvæðum 2. mgr. 2. gr. um skyldu til að hirða og landa öllum afla,
- c. ákvæðum 2. mgr. 3. gr. um að óheimilt sé að hefja veiðiferð nema skip hafi nauðsynlegar aflaheimildir fyrir ferðinni,
- d. ákvæðum 1. mgr. 4. gr. um skyldu til að vitja og draga net og önnur veiðarfæri með eðlilegum og reglubundnum hætti,
- e. ákvæðum 2. mgr. 5. gr. um upplýsingaskyldu til Fiskistofu,
- f. ákvæðum 1. mgr. 6. gr. um skyldu til að vigta afla á hafnarvog og um framkvæmd vigtunar afla, svo sem notkun löggiltrar vogar og að vigtarmaður sé löggiltur,
- g. ákvæðum 2. mgr. 6. gr. um veitingu vigtunarleyfa,
- h. ákvæðum 3. mgr. 6. gr. um skyldu til að kæla afla og skyldu til að vigta afla í flutningsílátum með ís,
- i. ákvæðum 4. og 6. mgr. 6. gr. um skyldur vigtarmanns,
- j. samningum samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 6. gr. og stjórnvaldsfyrirmæla um samningskyldu um tiltekna nettóvigt afla í hverju flutningsílati, eða frávikum frá umsamdri nettóvigt í flutningsílátum, sbr. 18. gr. a,
- k. ákvæðum 10. mgr. 6. gr. um fullnægjandi vigtun afla og skýrsluskil,

- l. ákvæðum 7. mgr. 6. gr. um skyldu til að vigta uppsjávarafla í því ástandi sem hann er í við löndun,
- m. ákvæðum 7. gr. um störf löggiltra vigtarmanna,
- n. ákvæðum 1. mgr. 8. gr. um nauðsynlegan aðgang eftirlitsmanna til að geta sinnt starfi sínu,
- o. ákvæðum 9. gr. um meðferð afla, upplýsingagjöf, afladagbækur og um frávik í afladagbók frá skráðri vigt afla á hafnarvog,
- p. ákvæðum 10. gr. um skyldur ökumanns afla,
- q. ákvæðum 1. og 2. mgr. 12. gr. um bann við móttöku, vinnslu, viðskiptum eða milligöngu um viðskipti með afla eða afurðir sem ekki hafa verið vegnar samkvæmt gildandi reglum um vigtun sjávarafla og skyldu aðila til skýrsluskila,
- r. ákvæðum 1. mgr. 12. gr. a og stjórnvaldsfyrirmæla um skyldu til kælingar afla niður í ákveðið hitastig,
- s. ákvæðum 2. mgr. 12. gr. a um skyldu til að nota ís, meðferð hans í flutnings síláti og meðferð kælds afla.

Fiskistofa getur lagt stjórnvaldssekt á útgerð eða skipstjóra skips ef útgerð, fyrirsvarsmenn útgerðar eða skipstjóri skips eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laga þessara. Sama gildir um vigtunarleyfishafa ef hann, fyrirsvarsmenn hans, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn ákvæðum laga þessara. Fiskistofa getur lagt stjórnvaldssekt á fleiri en einn aðila eftir eðli brots.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 50 þús. kr. til 25 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 250 þús. kr. til 150 millj. kr.

Ráðherra er heimilt að ákveða fjárhæðir sekta sem lagðar eru á samkvæmt einstökum staflíðum 1. mgr. í reglugerð, innan þess ramma sem ákveðinn er í þessari grein.

Hafi fjárhæð sektar ekki verið ákveðin í reglugerð skal við ákvörðun sektar m.a. tekið tillit til þeirra hagsmuna sem í húfi eru, verðmætis ólögsmæts afla, alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, hvort brot leiðir til rangskráningar afla, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot hefur verið að ræða sl. þrjú ár.

Jafnframt skal líta til þess hvort ætla megi að brotið hafi verið framið í þágu hagsmuna fyrirtækisins og hvort hægt hafi verið að koma í veg fyrir lögbrotið með stjórnun og eftirliti. Fiskistofu er heimilt að ákveða hærri sektir hafi aðili haft ávinning af broti. Skal fjárhæð stjórnvaldssektar þá ákveðin sem allt að tvöfalt margfeldi af þeim ávinningi sem aðili hefur aflað sér með broti gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, þó innan þess ramma sem ákveðinn er í 3. mgr.

Stjórnvaldssektum skal beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi. Stjórnvaldssektir skal þó aðeins leggja á löggiltan vigtarmann skv. m-lið eða ökumann afla skv. p-lið ef lögbrot er framið af ásetningi. Sektir sem lagðar eru á þessa einstaklinga geta numið frá 50 þús. kr. til 5 millj. kr.

Gjalddagi stjórnvaldssektar er 30 dögum eftir að ákvörðun um sektina var tekin. Hafi stjórnvaldssekt ekki verið greidd innan 15 daga frá gjalddaga hennar skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar frá gjalddaga hennar. Ákvörðun Fiskistofu um álagningu stjórnvaldssektar er aðfararhæf og renna sektir í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu. Fiskistofa getur fellt mál niður í stað þess að leggja á stjórnvaldssektir ef:

- a. ómögulegt var að koma í veg fyrir brot,
- b. brot er mjög smávægilegt,

c. ef sérstaklega stendur á og álagning stjórnvaldssekta þykir ekki brýn af almennum réttarvörsluástandum.

Aðili máls getur einungis skotið ákvörðun um stjórnvaldssekt til dómstóla. Málshöfðunar-frestur er þrjár mánuðir frá því að ákvörðun var tekin. Slíkt málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

c. (18. gr. c.)

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fiskistofu á grundvelli þeirra er Fiskistofu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fiskistofa setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

d. (18. gr. d.)

Heimild Fiskistofu til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fiskistofa tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

e. (18. gr. e.)

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fiskistofa skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

11. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Áminningar, sviptingar veiðileyfa, ákvarðanir um stjórnvaldssektir og afturkallanir vigtunarleyfa, sem ákveðnar eru skv. 15., 17. og 18. gr. b laga þessara eða 24. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, skulu hafa ítrekunaráhrif í tvö ár.

12. gr.

Við lokamálslið 21. gr. laganna bætist: og um álagningu stjórnvaldssekta skv. 18. gr. b.

13. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Það varðar mann sektum eða fangelsi allt að sex árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn:

- a. ákvæðum 2. mgr. 2. gr. um skyldu til að hirða og landa öllum afla,
- b. ákvæðum 2. mgr. 3. gr. um að óheimilt sé að hefja veiðiferð nema skip hafi nauðsynlegar aflaheimildir fyrir ferðinni,
- c. ákvæðum 1. mgr. 6. gr. um skyldu til að vigta afla á hafnarvog og um framkvæmd vigtunar afla, svo sem notkun löggiltrar vogar og að vigtarmaður sé löggiltur,
- d. ákvæðum 1. mgr. 8. gr. um nauðsynlegan aðgang eftirlitsmanna til að geta sinnt starfi sínu,

e. ákvæðum 1. og 2. mgr. 12. gr. um bann við móttöku, vinnslu, viðskiptum eða milligöngu um viðskipti með afla eða afurðir sem ekki hafa verið vegnar samkvæmt gildandi reglum um vigtun sjávarafla og skyldu aðila til skýrsluskila.

Brot skv. 1. mgr. varða sektum eða fangelsi ef þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Gera má lögáðila sekt samkvæmt ákvæðum II. kafla A almennra hegningarlaga fyrir brot skv. 1. mgr.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Heimilt er að gera upptækan með dómi ávinning sem hlotist hefur af broti skv. 1. mgr.

14. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn sakamáls að undangenginni kærú Fiskistofu til lögreglu.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fiskistofa hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fiskistofu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef verknáður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fiskistofa á hvaða stigi málsins sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til rannsóknar hjá lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kærú Fiskistofu skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot styðst við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fiskistofu um að kærú mál til lögreglu.

Fiskistofu er heimilt að láta lögreglu og ákærúvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fiskistofu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Lögreglu og ákærúvaldi er heimilt að láta Fiskistofu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fiskistofu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærúandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fiskistofu til meðferðar og ákvörðunar.

II. KAFLI

Breyting á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

15. gr.

3.–5. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:

Matvælastofnun er heimilt að fela Fiskistofu að annast tiltekin verkefni sem eru á verksviði Matvælastofnunar samkvæmt lögum þessum.

Flutningur verkefna til Fiskistofu getur einnig tekið til ákvæða um þvingunarúrræði, stjórnsýslu- og refsiviðurlög eða gjalddöku fyrir eftirlitið samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd framsals á eftirliti í reglugerð.

III. KAFLI

Breyting á lögum um sjávarafurðir, nr. 55/1998, með síðari breytingum.

16. gr.

Á eftir 16. gr. laganna kemur ný grein, 16. gr. a, svohljóðandi:

Matvælastofnun er heimilt að fela öðrum opinberum eftirlitsstofnunum að annast tiltekin verkefni sem eru á verksviði Matvælastofnunar samkvæmt lögum þessum. Flutningur verkefna til opinberra eftirlitsstofnana getur einnig tekið til ákvæða um þvingunarúrræði, stjórnsluviðurlög, refsiviðurlög eða gjaldtöku fyrir eftirlitið samkvæmt lögum þessum. Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd framsals á eftirliti í reglugerð.

17. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Stjórnendum vinnslustöðva, skipa og annarra starfsstöðva er skylt að veita Matvælastofnun og þeim opinberu eftirlitsstofnunum eða faggiltu aðilum sem falin eru tiltekin verkefni varðandi eftirlit samkvæmt samningi við Matvælastofnun allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og skoðunar, þ.m.t. aðgang að hverjum þeim stað þar sem sjávarafurðir eru unnar eða geymdar. Matvælastofnun, opinberar eftirlitsstofnanir og faggiltir aðilar skulu fara með upplýsingar þær sem leynt eiga að fara sem trúnaðarmál.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

18. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna fellur brott.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2016 að undanskilinni 5. mgr. c-liðar 1. gr. (7. mgr. 6. gr.) sem tekur gildi 1. desember 2017. Ákvæðum laga þessara verður þó aðeins beitt um verknaði sem er lokið eftir gildistöku þeirra, en um eldri mál fer samkvæmt ákvæðum eldri laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Í I. kafla frumvarpsins felast breytingar á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, sem varða aðferðir og eftirlit með vigtun sjávarafla, skráningu sjávarafla (afladagbækur) og refsiviðurlög. Jafnframt er lagt til það nýmæli að Fiskistofa fái heimildir til að innheimta gjald vegna viðbótareftirlits og leggja á stjórnvaldssektir og auk þess nýtt ákvæði sem kveður á um hitastigskröfur svo að viðhalda megi gæðum afla með það að markmiði að hámarka verðmæti sjávarafurða.

Í II. og III. kafla frumvarpsins eru annars vegar lagðar til breytingar á lögum nr. 93/1995, um matvæli, og hins vegar lögum nr. 55/1998, um sjávarafurðir, þar sem Matvælastofnun er heimilað að framselja með samningi eftirlit með kælingu sjávarafurða til Fiskistofu á grundvelli heilbrigðiskrafna matvælalöggjafarinnar.

II. Meginefni frumvarpsins.

A. Eftirlit með vigtun sjávarafla.

Núgildandi lög gera ráð fyrir tvenns konar aðferð við vigtun bolfiskafla til aflaskráningar. Annars vegar er um að ræða vigtun á hafnarvog og hins vegar vigtun á grundvelli sérstakra vigtunarleyfa sem gefin eru út af Fiskistofu, svokallaðra endurvigtunar- og heimavigtunarleyfa. Þannig má samkvæmt núgildandi lögum ljúka vigtun á hafnarvog með 3% ísfrádrætti ef ís er í aflanum. Ef enginn ís er í afla lýkur vigtun á hafnarvog án ísfrádráttar. Niðurstaðan er síðan skráð í aflaskráningarkerfi Fiskistofu. Hafi viðkomandi fiskvinnsla eða fiskmarkaður hins vegar endurvigtunarleyfi skal vigta afla á hafnarvog með ís og síðan má flytja afla til endurvigtunar í húsnæði fiskvinnslu eða í húsnæði fiskmarkaðs sem fengið hefur leyfi til endurvigtunar afla. Við endurvigtun er ís skilinn frá afla og nettóþungi fisks fundinn. Er afli þá ýmist heilvigtaður eða úrtaksvigtaður samkvæmt ákveðnum reglum. Vigtunarleyfishafinn sendir niðurstöður endurvigtunar á hafnarvog innan ákveðins frests og er niðurstaðan skráð í aflaskráningarkerfi Fiskistofu. Skilyrði fyrir útgáfu endurvigtunarleyfa er að fyrir liggi jákvæð umsögn hafnaryfirvalda á löndunarstað, vigtunarbúnaður sé löggiltur og vigtun framkvæmd af starfsmanni leyfishafa sem hefur til þess löggildinguna. Hafi fiskvinnsla hins vegar heimavigtunarleyfi til vigtunar bolfisks er ekki gerð krafa um vigtun afla á hafnarvog. Fiskistofa getur veitt slík heimavigtunarleyfi fiskvinnslum að fenginni umsögn hafnaryfirvalda á löndunarstað enda séu veruleg vandkvæði á því að vigta aflann á hafnarvog. Það er jafnframt skilyrði útgáfu heimavigtunarleyfis að eftirlit hafnar sé nægilegt og innra eftirlit þess aðila sem í hlut á sé traust, auk þess sem vigtunarbúnaður sé löggiltur og vigtun framkvæmd af löggiltum vigtarmanni. Niðurstaða vigtunar á grundvelli heimavigtunarleyfis er skráð í aflaskráningarkerfi Fiskistofu og er sú aflaskráning endanleg með sambærilegum hætti og vigtun samkvæmt endurvigtunarleyfi. Heimild Fiskistofu til útgáfu endurvigtunar- og heimavigtunarleyfa er í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996.

Útgefin leyfi til endurvigtunar miðað við mars 2015 eru 107, þar af eru 86 fiskvinnslur með slík leyfi. 21 leyfi til endurvigtunar hefur verið gefið út til fiskmarkaða. Samkvæmt tölfræði Fiskistofu lýkur vigtun á um 22% af öllum bolfiskafla á hafnarvog. Þannig fara um 78% af bolfiskafla til endurvigtunar og þar af eru 77% endurvigtuð af fiskvinnslum. Útgefin leyfi til heimavigtunar bolfiskafla á sama tíma eru þrjú.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að vigtun afla dagróðrabáta ljúki á hafnarvog með föstum ísfrádrætti ef ís er í aflanum. Ef enginn ís er í afla lýkur vigtun á hafnarvog án ísfrádráttar. Þessi heimild er þannig einskorðuð við báta sem koma að jafnaði til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að veiðiferð hófst, svokallaðra dagróðrabáta, og breytir það engu þótt veiðiferðir séu eitthvað lengri í einstökum tilvikum. Ef frumvarpið verður að lögum verður nauðsynlegt að ákveða leyfilegan frádrátt íss frá vegnum afla vegna dagróðrabáta með reglugerð. Í slíkri reglugerð verður lagt til að leyfilegur ísfrádráttur verði 4% af vegnum afla. Leyfilegur frádráttur íss í afla hefur um árabíl verið 3% og gefið ágætis raun og gæði afla verið almennt fullnægjandi. Í ljósi þess að frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir kröfum um tiltekið hitastig afla til að viðhalda gæðum hans skv. 4. gr. frumvarpsins og þær kröfur eru strangari en núverandi kröfur matvælalöggjafarinnar um kælingu afla er talið rétt að ákveða leyfilegan ísfrádrátt frá vegnum afla a.m.k. til að byrja með, meiri en verið hefur, eða 4%. Er þar byggt á ráðgjöf frá Matis. Um helmingur dagróðrabáta lýkur vigtun á hafnarvog. Frumvarpið leggur þá skyldu á útgerðir fiskiskipa, sem eru lengur en 24 klukkustundir í veiðiferð, að ákveða fyrir fram tiltekna nettóvigt afla í hverju flutningsláti sem landað er. Gert er ráð fyrir að forráðamenn útgerða þessara skipa skuldbindi þessar útgerðir til að nota

tiltekna fyrir fram ákveðna nettóvigti í öllum flutningsilátum nema þegar um er að ræða þau tiltölulega fáu flutningsilát sem ekki eru fullnýtt í hverri veiðiferð. Í þeim tilvikum verður ákveðin föst ísprósenta til frádráttar eins og að framan greinir um dagróðrabáta. Með nettóvigti afla er átt við vigti afla án íss eða annars kælimiðils. Áhafnir þessara skipa geta þannig ísað aflann eins mikið og þær telja nauðsynlegt, þó þannig að lagakröfur um kælingu afla séu uppfylltar. Gert er ráð fyrir að forráðamenn útgerða skuldbindi sig gagnvart Fiskistofu og gefi stofnuninni í raun loforð um tiltekna fyrir fram ákveðna nettóþyngd afla í hverju flutningsiláti. Fiskiskip sem falla undir ákvæðið blóðga, slægja og ísa fisk um borð í veiðiferð. Ákvæðið nær hins vegar ekki til vinnsluskipa sem vinna aflann frekar, t.d. frysta aflann um borð. Ákvæðið nær jafnframt ekki til fiskiskipa sem stunda veiðar á uppsjávarfiski.

Heimild Fiskistofu til að gefa út endurvigtunarleyfi verði felld brott úr lögum. Þannig gerir frumvarpið ráð fyrir að vigtun afla dagróðrabáta ljúki á hafnarvog og fari ekki til endurvigtunar. Landaðan afla dagróðrabáta sem veginn er á hafnarvog skal þannig skrá í aflaskráningakerfi Fiskistofu og er sú aflaskráning endanleg. Sama gildir um afla þeirra skipa sem semja við Fiskistofu um tiltekna nettóvigti afla í flutningsiláti. Endurvigtun slíks afla til aflaskráningar er ekki heimil heldur mun aflaskráning þessara fiskiskipa byggjast á samningi útgerða við Fiskistofu um nettóvigti í hverju flutningsiláti.

Í frumvarpinu er áréttað að allan uppsjávarafla skuli vigta í því ástandi sem hann er í við löndun. Vigtun uppsjávarfisks á sér stað hjá viðkomandi fiskvinnslu á grundvelli heimavigtunarleyfa. Slík leyfi eru gefin út af Fiskistofu og voru ellefu slík leyfi í gildi í mars 2015. Uppsjávarfiskur getur farið í frystingu, söltun eða bræðslu (mjöl, lýsi). Ekki er hins vegar gert ráð fyrir í frumvarpi þessu að gera breytingar á lagaákvæði sem heimilar Fiskistofu að gefa út heimavigtunarleyfi til vigtunar bolfisks eða uppsjávarafla.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvæði laganna verði útfærð nánar í reglugerðum og því eru ítarleg ákvæði um heimildir ráðherra til að setja reglugerðir um ýmis atriði sem þurfa mögulega frekari útfærslu við eða eru mögulega háðar breytingum í framtíðinni.

B. Afladagbækur.

Allir skipstjórar íslenskra fiskiskipa sem stunda veiðar í atvinnuskyni skulu halda sérstakar afladagbækur. Þær upplýsingar sem skráðar eru í afladagbækur skulu nýtast í vísindalegum tilgangi fyrir Hafrannsóknastofnun. Slíkar bækur eru einnig eftirlitsgögn fyrir Fiskistofu og Landhelgisgæslu og til annarra verkefna sem varða stjórnun fiskveiða.

Lagt er til með frumvarpinu að gerðar verði breytingar á ákvæðum um afladagbækur. Breytingarnar lúta að skráningu sjávarafla, en telja verður að aflameðferð botnfisks um borð í fiskiskipum í dag sé með þeim hætti að skipstjórar hafi nokkuð nákvæma vitneskju um aflamagn hvernar tegundar. Því er talið eðlilegt að gera kröfur um nákvæmni við skráningu aflamagns í afladagbók.

Þegar afla er landað til vigtunar getur verið um verulegt frávik að ræða milli magns áætlaðs afla í afladagbók og þess sem vigtað er við löndun. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að frávik skráningar aflamagns í afladagbók frá skráðri vigti aflans á hafnarvog skuli ekki vera meiri en 10%. Með þessu nýmæli um ákveðið prósentufrávik í lögum verður mögulegt að veiðar hlutaðeigandi aðila verði teknar til nánari athugunar samkvæmt öðrum ákvæðum laganna og jafnframt mögulegt að leggja stjórnvaldssektir á hlutaðeigandi aðila ef frávik er umfram lögbundið frávik. Gert er ráð fyrir því að meiri nákvæmi upplýsinga í afladagbók muni gera eftirlit með aflamagni upp úr sjó og vigtun aflans betri og skilvirkari en áður ásamt því sem gögn Hafrannsóknastofnunar byggist á nákvæmari grunni.

Frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir að lagaákvæði um afladagbækur verði einungis í lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, en ekki lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, eins og nú er.

C. Kæling afla og framsal eftirlits.

Í 4. gr. frumvapsins er nýtt ákvæði sem leggur þá skyldu á skipstjóra að kæla aflann með ís eða öðrum búnaði eins fljótt og auðið er eftir að hann er kominn um borð í veiðiskip og þar til vinnsla aflans hefst í landi. Ákvæðið gildir um allan afla, bæði botnfisk og uppsjávarfisk. Kæling aflans er mikilvæg til þess að viðhalda gæðum aflans og tryggja þau og hámarka verðmæti afurðanna. Þessi skylda til að kæla afla er í samræmi við markmið laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, en þar segir: „Markmið laga þessara er að bæta umgengni um nytjastofna sjávar og stuðla að því að þeir verði nýttir með sjálfbærum hætti er tryggi til langs tíma hámarksafurðastur fyrir íslensku þjóðina.“ Ónóg kæling afla veldur lakari gæðum og mögulega skemmdum á aflanum og getur haft neikvæð áhrif á orðspor íslensks sjávarfangs og því mjög mikilvægt að kæling aflans sé nægjanleg.

Hitastig afla skal vera í samræmi við kröfur reglugerða þar um. Gert er ráð fyrir að hitastig afla dagróðrabáta skuli vera undir 2,5°C tveimur klukkustundum eftir að aflinn er tekinn um borð. Hitastig afla skipa, sem eru lengur en 24 klukkustundir í veiðiferð, skal vera 1°C fjórum klukkustundum eftir að aflinn er tekinn um borð. Skipstjórnandi skal tryggja að hitastig afla sé í samræmi við kröfur reglugerða þar um en jafnframt er gert ráð fyrir því að útgerð beri hlutlæga ábyrgð á brotum skipstjóra í þessu tilviki þannig að mögulegt sé að leggja stjórnsýslusektir annars vegar á skipstjórnanda og hins vegar útgerð.

Sérákvæði eru um notkun íss sé hann notaður. Skal ís vera nægur og greinilegur í flutningsíláti. Skipstjórnandi skal að beiðni Fiskistofu geta sýnt fram á að nægur ís sé til staðar, eða hafi verið til staðar, til að kæla afla sem um borð kemur í veiðiferðinni.

Sérákvæði eru einnig um meðferð afla vegna hitagjafa en verja skal afla fyrir áhrifum sólar og annarra hitagjafa eins fljótt og auðið er eftir að hann er kominn um borð. Afli sem geymdur er utan dyra skal jafnframt varinn fyrir umhverfismengun og sólarljósi með loki eða yfirbreiðslu.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis svo sem um hitastig afla, tegund kælibúnaðar og aðferð við kælingu eða eftirlit með kælingu afla.

Jafnframt gerir frumvarpið ráð fyrir að eftirlit með kælingu afla aukist frá því sem nú er en þar sem eftirlit með leyfishöfum endurvigtunar verður óþarft ætti að skapast aukið svigrúm til eftirlits með kælingu afla og vigtun á hafnarvog.

Lagaákvæði um kælingu sjávarafla er jafnframt að finna í löggjöf um matvæli en Matvælastofnun hefur eftirlit með þeirri löggjöf. Hitastigskröfur þeirrar löggjafar eru aðrar en kröfur þessa frumvarps enda markmið matvælalöggjafarinnar að koma í veg fyrir neyslu óöruggra matvæla sem eru óhæf til neyslu eða beinlínis skemmd. Vegna þessa gerir frumvarpið ráð fyrir því að í lög verði sett heimild til framsals á eftirlitsverkefnum Matvælastofnunar vegna kælingar sjávarafla til Fiskistofu. Fiskistofa mundi þannig einnig sinna almennum eftirliti með því að afli sé almennt kældur með fullnægjandi hætti í samræmi við heilbrigðiskröfur matvælalöggjafarinnar.

Í samræmi við framangreint mundi Fiskistofa annast hitastigsmælingar afla til að tryggja í fyrsta lagi heilnæmi afurða og í öðru lagi gæði afla.

D. Gjald vegna viðbótareftirlits Fiskistofu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Fiskistofa fái heimild til að innheimta sérstakt gjald vegna viðbótareftirlits. Það er viðbótareftirlit þegar Fiskistofa framkvæmir eftirlit hjá útgerðum eða hjá vigtarleyfishöfum þegar fyrir liggur grunur eða vísbendingar úr reglubundnu eftirliti stofnunarinnar um brot á lögum nr. 57/1996, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvæðum leyfa settum samkvæmt þeim. Gert er ráð fyrir að útgerðir eða vigtunarleyfishafar greiði raunkostnað vegna viðbótareftirlits. Óeðlilegt er að Fiskistofa greiði fyrir slíkt eftirlit af starfsfé úr ríkissjóði og því lagt til að eftirlitsþolar, sem grunaðir eru um eða vísbendingar eru um að fari ekki að lögum, greiði fyrir slíkt viðbótareftirlit.

E. Álagning stjórnvaldssektar og refsiviðurlög.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að Fiskistofa fái heimild til að leggja stjórnvaldssektir á einstaklinga eða lögaðila sem brjóta gegn tilteknum ákvæðum laganna. Fiskistofa hefur samkvæmt núgildandi lögum heimild til að svipta skip veiðileyfi eða svipta vigtarleyfishafa leyfi til endur- eða heimavigtunar. Lögin kveða á um skyldu Fiskistofu til sviptingar veiði- og vigtunarleyfa. Frumvarpið hins vegar heimilar Fiskistofu að velja það viðurlagaúrræði sem stofnunin telur hæfa. Þannig hafi stofnunin val um annars vegar að leggja á útgerð stjórnvaldssekt og/eða svipta skip veiðileyfi og hins vegar leggja á útgerð stjórnvaldssekt og/eða svipta vigtarleyfishafa leyfi til vigtunar.

Ótvíræðir hagsmunir eru af því að mögulegt sé að taka af festu á tilvikum þar sem vegið er að grunnþáttum fiskveiðistjórnkerfisins, svo sem brotum gegn vigtun og skráningu sjávaraflla og reglum sem banna brottkast. Löggjöfin í dag gerir ekki ráð fyrir upptöku á afla sem landað hefur verið og fluttur til vinnslu án þess að hafa verið löglega vigtadur og geta aðilar því talið litla áhættu af slíkri háttsemi þegar litið er til þess mikla fjárhagslega ávinnings sem er af brotinu. Þannig er ekki útilokað að aðili hagnist á broti enda þótt mál upplýsist þar sem sektir sem dæmdar hafa verið eru almennt nokkuð lágar og afli hefur ekki verið gerður upptækur. Með tilkomu ákvæðis um stjórnvaldssektir er mögulegt að haga sektum í samræmi við fjárhagslegan ávinning brotsins og þannig beita úrræðum sem hafa veruleg varnaðaráhrif gagnvart þeim aðilum sem ber að fara eftir lögnum.

Fiskistofa getur lagt stjórnvaldssekt á útgerð eða skipstjóra skips ef útgerð, fyrirsvarsmenn útgerðar eða skipstjóri skips eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laganna. Sama gildir um vigtunarleyfishafa ef hann, fyrirsvarsmenn hans, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn ákvæðum laganna. Fiskistofa getur lagt stjórnvaldssekt á fleiri en einn aðila eftir eðli brots.

Stjórnvaldssektum skal beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi. Stjórnvaldssektir skal þó aðeins leggja á löggiltan vigtarmann eða ökumann afla ef lögbrot er framið af ásetningi.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 50 þús. kr. til 25 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 250 þús. kr. til 150 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á löggiltan vigtarmann og ökumann afla geta hins vegar numið frá 50 þús. kr. til 5 millj. kr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að ákvæði um refsiviðurlög verð gerð skýrari og færð til samræmis við sambærileg ákvæði í öðrum lögum. Þannig eru tiltekin brot gegn ákvæðum laganna lýst refsiverð og er sú háttsemi tilgreind sérstaklega. Gert er ráð fyrir því að aðeins alvarlegustu brot á lögnum verði gerð refsiverð.

III. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

A. Breytingar á ákvæðum um vigtun sjávarafla.

Breytingar frumvarpsins á gildandi reglum um vigtun og skráningu sjávarafla eru gerðar í þeim tilgangi að tryggja betur en nú er að vigtun og skráning sjávarafla séu áreiðanlegar og að eftirlit með framkvæmd vigtunar sé gegnsætt og skilvirkt.

Í 2. mgr. 6. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar er fjallað um heimildir aðila sem hafa sérstök leyfi til endurvigtunar útgefin af Fiskistofu til að annast vigtun sem lögð er til grundvallar aflaskráningu. Leyfishafar endurvigtunar eru í flestum tilvikum fiskvinnslur en oft á tíðum er vinnsla og útgerð á sömu hendi. Þannig liggur fyrir að vigtunarleyfishafi getur verið að vigta afla eigin skipa og hefur þá beina fjárhagslega hagsmuni af niðurstöðu vigtunar. Ísúnafla hefur það markmið að kæla afla með fullnægjandi hætti og tryggja þannig gæði og heilnæmi afla og því er afar mikilvægt að ísúna sé nægileg. Um leið og þetta er viðurkennt má benda á að útgerðir hafa hag af því að sem minnstur afli sé dreginn frá aflamarki skips. Þetta er hægt að gera með því að skrá íshlutfall í afla hærra en nemur raunverulegum ís. Fiskistofa hefur staðfest við eftirlit að íshlutfall er annað og lægra þegar staðið er yfir endurvigtun en ella. Þannig er aflamagn skráð minna en það raunverulega er þegar eftirlit er ekki á staðnum.

Fiskistofa hefur átt í nokkrum erfiðleikum við eftirlit með endurvigtun, en það snýr m.a. að eiginleikum vigtarbúnaðs, þeirri öru tækniþróun sem hefur orðið á síðustu árum, auk þess sem eftirlit með endurvigtun krefst umfangsmikils eftirlits þar sem leyfishafi endurvigtunar vigtar eigin afla í starfsstöð sinni. Vegna þessa og til þess að gera eftirlit með vigtun áreiðanlegra var lagt fram á 141. löggjafarþingi 2012–2013 frumvarp til laga um ýmsar breytingar á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, en frumvarpið var ekki samþykkt (þskj. 629 – 488. mál). Í 1. gr. frumvarpsins var mælt fyrir um að við 2. mgr. 6. gr. laganna bættust svohljóðandi ákvæði:

„Búnaður til vigtunar og hugbúnaður tengdur honum skal vera með þeim hætti að tryggt sé að allur afli sé vigtaður og skulu upplýsingar um niðurstöðu vigtunar vera aðgengilegar Fiskistofu og geymdar í sérstökum gagnagrunni, á formi sem stofnunin ákveður, í a.m.k. fimm ár. Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um vigtunarbúnað þar sem m.a. er heimilt að kveða á um gerð og virkni voga, innsigli á búnaði til vigtunar og hugbúnað tengdan honum og nauðsynlegar upplýsingar um niðurstöðu vigtunar.“

Frumvarp þetta náði ekki fram að ganga og því nauðsynlegt að fara aðrar leiðir við eftirlit með vigtun sjávarafla.

Fiskistofu ber að halda uppi eftirliti með framkvæmd laga nr. 37/1996, um sérstakt gjald vegna ólögsmæts sjávarafla. Lögin gera ráð fyrir svokölluðum bakreikningum. Þar er m.a. gert ráð fyrir að lagt sé gjald á afla sem ekki hefur verið löglega vigtaður. Í slíkum málum þarf að bera saman uppgæfin kaup eða aðföng viðkomandi aðila á tilteknu tímabili við magn verkaðs, unnins eða selds sjávarafla á sama tímabili. Við þann samanburð skiptir höfuðmáli að fyrir liggi upplýsingar um birgðir viðkomandi bæði í upphafi tímabilsins og í lok þess. Að auki er nauðsynlegt að ákvarða nýtingarhlutfall við vinnslu sjávarfangsins, til að unnt sé að finna út hvort hið selda magn sé meira en uppgæfin kaup eða aðföng. Í ljósi niðurstöðu dómstóla er miklum erfiðleikum bundið að tryggja að þessi samanburður sé hafinn yfir vafa þannig að grundað geti álagningu sérstaks gjalds vegna ólögsmæts sjávarafla.

Samkvæmt framansögðu er brýn þörf á því að gera umtalsverðar breytingar á reglum um vigtun bolfiskafla og skráningu sjávarafla til að tryggja betur að hún fari rétt fram og

upplýsingar um vigtun sjávarafla verði áreiðanlegri en nú er. Nauðsynlegt er jafnframt að gera breytingar á lagaumhverfi eftirlitsins þannig að eftirlit verði skilvirkara.

Fyrir liggur að hluti uppsjávarafla er vigtaður eftir að vinnsla aflans er hafin. Uppsjávarafli er í flestum tilvikum deilistofn þar sem önnur ríki hafa hagsmuni af rétttri aflaskráningu og að veiði sé í samræmi við úthlutaðan heildarafla. Samkvæmt framansögðu er nauðsynlegt að festa í lög skyldu vinnsluaðila til að vigta afla uppsjávarfisks í því ástandi sem hann er í strax við löndun en ekki eftir að vinnsla aflans er hafin.

B. Eftirlit með kælingu sjávarafla. – Framsal eftirlits.

Tryggja þarf að afli sé kældur niður að ákveðnu hitastigi svo að gæði hans haldist og verðmæti hans verði sem mest í samræmi við tilgang laga nr. 57/1996. Því er nauðsynlegt að kveða á um kröfur um kælingu sjávarafla í þessum lögum í samræmi við framangreindan tilgang laganna. Þannig þarf að tilgreina hvaða hitastig eigi að miða við. Við kælingu afla skiptir meðferð aflans einnig verulegu máli. Af þessum sökum eru jafnframt settar í lög reglur um meðferð aflans með það að markmiði að viðhalda fullnægjandi kælingu hans þar til vinnsla hans fer fram.

Lagaákvæði um kælingu sjávarafla er jafnframt að finna í löggjöf um matvæli en Matvælastofnun hefur eftirlit með þeirri löggjöf. Hitastigskröfur þeirrar löggjafar eru aðrar en kröfur þessara laga enda markmið matvælalöggjafarinnar að koma í veg fyrir neyslu óöruggra matvæla sem eru óhæf til neyslu eða beinlínis skemmd. Vegna þessa gerir frumvarpið ráð fyrir því að í lög verði sett heimild til framsals á eftirlitsverkefnum Matvælastofnunar. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir tvíverknað og auka hagkvæmni eftirlits með kælingu afla.

C. Stjórnsýslusektir. – Refsiviðurlög.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að Matvælastofnun fái heimild til að leggja stjórnvaldssektir á einstakling eða lögaðila sem brjóta gegn tilteknum bannákvæðum laganna eða ákvörðunum teknum samkvæmt þeim. Slík ákvæði eru nú í ýmsum lögum og því eðlilegt að Fiskistofa fái slíkar heimildir með sama hætti og aðrir eftirlitsaðilar. Með tilkomu ákvæðis um stjórnvaldssektir er mögulegt að haga sektum í samræmi við fjárhagslegan ávinning brotsins og þannig beita úrræðum sem hafa veruleg varnaðaráhrif gagnvart þeim aðilum sem ber að fara eftir lögnum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að ákvæði um refsiviðurlög verði gerð skýrari og samræmd sambærilegum ákvæðum í öðrum lögum. Kröfur dómstóla til skýrleika refsiheimilda hafa jafnframt breyst og aukist hvað varðar skýrleika refsiheimilda í lögum. Þannig tilgreinir nýtt refsíákvæði frumvarpsins þá háttsemi sem er refsiverð samkvæmt frumvarpinu.

IV. Samráð.

Við samningu frumvarpsins var haft samráð við Fiskistofu um ýmis ákvæði laganna og Háskóla Íslands vegna ákvörðunar um frávík frá vigt í 10. gr. frumvarpsins.

V. Mat á áhrifum.

Ákvæðum frumvarpsins um breytingar á lögum um vigtun bolfiskafla og uppsjávarafla er ætlað að tryggja betur en nú, að hún fari rétt fram og upplýsingar um vigtun sjávarafla verði áreiðanlegri. Jafnframt er markmið breytinganna að gera eftirlitið gegnsærra og þannig skilvirkara en áður.

Gert er ráð fyrir því að meiri nákvæmni upplýsinga í afladagbók skv. 2 gr. frumvarpsins muni gera eftirlit með aflamagni upp úr sjó og vigtun aflans áreiðanlegri. Upplýsingar afladagbókar verða jafnframt áreiðanlegri sem skiptir miklu fyrir notendur þessara upplýsinga, þ.e. Hafrannsóknastofnun, Fiskistofu og Landhelgisgæslu Íslands.

Markmið nýrra ákvæða um kælingu afla í 4. gr. frumvarpsins er að viðhalda gæðum afla uppúr sjó sem lengst og hámarka verðmæti aflans. Gert er ráð fyrir auknu kælieftirliti Fiskistofu vegna gæða afla. Auk þess getur Fiskistofa ef Matvælastofnun framselur slíkt eftirlitsvald til Fiskistofu sinnt eftirliti með kælingu afla á grundvelli heilbrigðiskrafna matvæla-löggjafarinnar. Slíkt framsal mun skila sér í hagkvæmara eftirliti þar sem einungis einn eftirlitsaðili sinnir hvoru tveggja kælieftirliti annars vegar á grundvelli laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og hins vegar eftirliti á grundvelli laga nr. 93/1995, um matvæli og laga nr. 55/1998, um sjávarafurðir. Eftirlit Fiskistofu með kælingu afla á grundvelli laga nr. 57/1996 verður fjármagnað með sparnaði Fiskistofu sem til verður þegar eftirliti með endurvigtun verður hætt. Raunkostnaður eftirlits sem Matvælastofnun sinnir nú og sú stofnun framselur mögulega til Fiskistofu verður innheimtur á grundvelli 25. gr. laga nr. 93/1995. Ef af slíku framsali verður gildir gjaldskrá Matvælastofnunar vegna slíkra framseldra verkefna þannig að enginn kostnaður á að falla á Fiskistofu vegna þessa eftirlits.

Fiskistofa framkvæmir viðbótareftirlit hjá útgerðum eða vigtunarleyfishöfum skv. 5. gr. frumvarpsins þegar grunur hefur vaknað eða vísbendingar eru um brot á lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvæðum leyfa settum samkvæmt þeim í reglubundnu eftirliti stofnunarinnar. Heimilt er að innheimta raunkostnað vegna slíks viðbótareftirlits. Hversu mikill kostnaður mun falla á útgerðir eða vigtunarleyfishafa er erfitt að spá fyrir um þar sem umfang eftirlitsins liggur ekki fyrir enda ræðst slíkt viðbótareftirlit af niðurstöðum úr reglubundnu eftirliti stofnunarinnar.

Efnisákvæði frumvarpsins í 10. og 11. gr. fjalla um stjórnsýslusektir og refsiviðurlög vegna brota á lögum. Þessi ákvæði gera eftirlit samkvæmt lögum skilvirkara og auka varnaðaráhrif laganna en fela ekki í sér aukinn kostnað eftirlitsaðila. Ekki eru forsendur til að meta hver muni verða fjárhæð innheimtra stjórnsýslusekta eða annarra refsisekta. Andvirði stjórnsýslusekta renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði þessarar greinar fela í sér breytingu á 6. gr. laganna þar sem kveðið er á um vigtun sjávarafila í 1. mgr. og svokölluð vigtunarleyfi í 2. mgr.

Um a-lið.

Í ákvæðinu er það áréttað að í lögum að hver tegund fiska skuli vegin sérstaklega. Efnislega sambærileg ákvæði eru í 7. gr. reglugerðar nr. 224/2006, um vigtun og skráningu sjávarafila.

Um b-lið.

Með ákvæði þessu er felld úr lögum heimild Fiskistofu til útgáfu svokallaðra endurvigtunarleyfa sem hefur heimilað handhöfum leyfisins að vigta afla án íss (nettóvigta) til aflaskráningar. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir að vigtun afla til aflaskráningar ljúki á hafnarvog hvað varðar dagróðrabáta og með umsamdri fyrir fram tilgreindri nettóvigta afla í hverju flutningslíati hvað varðar önnur fiskiskip. Leyfishafar endurvigtunar hafa annars vegar verið fiskvinnslur sem í mörgum tilvikum vigta eigin afla og hins vegar uppboðsmarkaðir með fisk samkvæmt lögum nr. 79/2005, um uppboðsmarkaði sjávarafila. Gert er ráð

fyrir að öll leyfi til endurvigtunar falli úr gildi. Í lögum kemur hins vegar heimild til handa ráðherra að setja nánari skilyrði um veitingu heimavigtunarleyfa og afturköllun þeirra. Ákvæði 1. mgr. 56 gr. reglugerðar nr. 224/2006, um vigtun og skráningu sjávarafla, um hlutverk hafnaryfirvalda er jafnframt áréttað í ákvæðinu.

Um c-lið.

Samkvæmt ákvæðinu bætast sex nýjar málsgreinar við 6. gr. laganna.

1. mgr. c-liðar: Ef frumvarpið verður að lögum er í nýrri 3. mgr. áréttað að allur aflí skuli kældur með fullnægjandi hætti í samræmi við ákvæði 12. gr. a laganna og reglugerða þar um. Af þessu leiðir að aflinn skal kældur í flutningi, við löndun og ekki síst við vigtun aflans. Þannig er það skýrt tekið fram að aflí sem veginn er á hafnarvog skuli veginn í flutnings-ílátum með ís.

2. mgr. c-liðar: Samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 226/2006, um vigtun og skráningu sjávarafla, er vigtarmanni heimilt að draga allt að 3% frá vegnum afla vegna áætlaðs íss í afla eftir að hafa gengið úr skugga um að aflinn sé ísaður. Frumvarpið gerir ráð fyrir að heimild vigtarmanns til ísfrádráttar verði í lögum í stað reglugerðar nú en hlutfall ísfrádráttar af vegnum afla verði ákveðið í reglugerð. Heimild til ísfrádráttar verður, ef frumvarp þetta verður að lögum, einskorðuð við báta sem koma til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að veiðiferð hófst, svokallaðra dagróðrabáta, og nær ekki til fiskiskipa sem eru að jafnaði í veiðiferðum lengri en 24 klukkustundir. Þetta er breyting frá núgildandi löggjöf þar sem þessi heimild var óháð lengd veiðiferðar. Það er skilyrði heimildar til ísfrádráttar að vigtarmaður greini ís í aflanum við vigtun og að aflinn sé ísaður í samræmi við 4. gr. frumvarpsins og í samræmi við það hitastig sem kveðið verður á um í reglugerð um hitastig afla dagróðrabáta. Ef enginn ís er í afla á hafnarvog er ekki heimilt að draga frá vegnum afla áætlað íshlutfall og því ekki um neinn ísfrádrátt að ræða frá vegnum afla á hafnarvoginni. Landaður aflí dagróðrabáta sem veginn er á hafnarvog er endanleg aflaskráning þessara báta. Samkvæmt núgildandi lögum er útgerðum dagróðrabáta heimilt að endurvigta afla sem hefur verið veginn á hafnarvog. Ef slíkt er gert hefur verið heimilt að skrá aflamagn eftir endurvigtun í aflaskráningarkerfi Fiskistofu sem endanlega aflaskráningu þessara báta. Ef þetta frumvarp verður að lögum mun endurvigtun til aflaskráningar verða óheimil og aflaskráning samkvæmt vigt á hafnarvog verða endanlega aflaskráning vegna afla þessara báta. Um helmingur útgerða dagróðrabáta hefur lokið aflaskráningu með vigtun á hafnarvog án endurvigtunar.

3. mgr. c-liðar: Frumvarpið gerir ráð fyrir mismunandi reglum um vigtun afla til aflaskráningar eftir lengd veiðiferðar. Þannig gilda aðrar reglur um báta sem stunda almennt dagróðra og fiskiskipa sem almennt hafa lengra úthald. Ástæða þessa er sú að meiri ís er notaður í lengri veiðiferðir og hitastig afla er almennt lægra. Því er nauðsynlegt að skilgreina hvað sé dagróðrabátur samkvæmt frumvarpinu. Dagróðrabátur telst þannig bátur sem kemur til löndunar að jafnaði innan 24 klukkustunda frá því að veiðiferð hófst. Fiskiskip sem eru lengur en 24 klukkustundir í veiðiferð telst því ekki dagróðrabátur.

4. mgr. c-liðar: Samkvæmt þessu efnisákvæði frumvarpsins er lögð sú skylda á útgerðir fiskiskipa, sem eru lengur en 24 klukkustundir í veiðiferð, að ákveða fyrir fram með samningi tiltekna nettóvigt afla í hverju flutningsílati sem landað er. Með nettóvigt afla er átt við vigt afla án íss eða annars kælimiðils. Ákvæði þetta gildir ekki um dagróðrabáta, vinnsluskip eða skip sem stunda veiðar á uppsjávarfiski. Í fiskiskipum sem falla undir ákvæðið er fiskur blóðgaður, slægður og ísaður um borð. Ákvæðið nær hins vegar ekki til vinnsluskipa sem vinna aflann frekar, t.d. frysta aflann um borð. Sama á við um fiskiskip sem stunda veiðar á uppsjávarfiski. Um afla þessara skipa gilda sérstakar reglur um vigtun.

Um er að ræða loforð útgerðar fiskiskips um að landa ákveðinni nettóvigta afla í flutningsíláti. Gert er ráð fyrir að nettóvigta umfram samning leiði til viðurlaga, svo sem stjórn-sýslusekta. Samkvæmt ákvæðinu getur ráðherra ákveðið frádrátt vegna hlutfalls íss eða kælimiðils í afla skips. Hér er verið að horfa til þeirra tilvika þegar flutningsílat eru ekki fullnýtt af afla þegar um er að ræða slatta. Landaður afli útgerða fiskiskipa, sem skuldbundið hafa sig til að landa tiltekinni nettóvigta afla í flutningsíláti, er endanleg aflaskráning þessara skipa. Samkvæmt nágildandi lögum er þessum fiskiskipum heimilt að endurvigta afla sem hefur verið veginn á hafnarvog með sama hætti dagróðrabátum og lýst var hér að framan. Ef frumvarp þetta verður að lögum verður sú endurvigtun óheimil og samningur útgerðar við Fiskistofu lagður til grundvallar aflaskráningu. Afli þessara skipa skal eftir sem áður veginn á hafnarvog í samræmi við lög og skráning vigtunar send Fiskistofu.

5. mgr. c-liðar: Í frumvarpinu er áréttað að allan uppsjávarafla skuli vigta í því ástandi sem hann er í við löndun. Markmiðið með þessari lagabreytingu er að stuðla að rétttri aflaskráningu og færa aðferðir við vigtun hérlendis til samræmis við vigtun uppsjávarafla sem landað er í höfnum í nágrannalöndum okkar.

6. mgr. c-liðar: Frumvarpið gerir ráð fyrir að ráðherra skuli í reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar svo sem um framkvæmd vigtunar afla, eftirlit með vigtun, samninga Fiskistofu um nettóvigta afla og vigtunarleyfi. Nauðsynlegt verður að útfæra framangreindar efnisreglur um vigtun. Jafnframt er verður nauðsynlegt að setja í reglugerðir efnisákvæði sem gilda um sérstök tilvik þegar meginreglur laganna eiga ekki alls kostar við og eðlilegt er að sérreglur gildi.

Nauðsynlegt verður að ákveða með reglugerð leyfilegan frádrátt frá vegnum afla vegna áætlaðs hlutfalls íss í afla vegna dagróðrabáta. Frumvarpið gerir ráð fyrir að mögulega verði annar kælimiðill notaður í stað íss við kælingu afla. Í þessum tilvikum getur ráðherra þurft að ákveða sérstakan frádrátt frá vegnum afla vegna hlutfalls þess kælimiðils í afla. Frumvarpið kveður einnig á um heimild ráðherra til að ákveða frádrátt íshlutfalls með tilliti til ákveðinna forsendna. Þannig getur ráðherra ákveðið mismunandi frádrátt, fyrir hverja fisktegund fyrir sig, eftir árstíðum eða vegna sérstakrar ráðstöfunar aflans.

Gert er ráð fyrir að öll helstu efnisatriði samnings útgerðar við Fiskistofu um tiltekna nettóvigta afla í flutningsíláti verði almenn og stöðluð og því sett í reglugerð en forráðamann útgerðar þurfi einungis að gera samning við Fiskistofu um fyrir fram tiltekna vikt afla án íss í hverju flutningsíláti.

Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði um vigtunarleyfi í reglugerð. Hér er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um svokölluð heimavigtunarleyfi sem Fiskistofa gefur út en endurvigtunarleyfi falli úr gildi.

Ráðherra er jafnframt heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um afla lin-, lið- og skrápdýra, grásleppu og eldisfisks og vigtun uppsjávarafla, svo sem um búnað og fyrirkomulag vigtunar slíks afla og frádrátt vegna vökvataps. Tilgreindar tegundir lúta ýmsum sérreglum samkvæmt nágildandi löggjöf og því er nauðsynlegt að hafa skýra reglugerðarheimild fyrir ráðherra til að setja sérreglur um vigtun þessara tegunda.

Um d-lið.

Samkvæmt gildandi 4. mgr. 6. gr. getur ráðherra veitt undanþágu frá löndun í viðurkenndri höfn við sérstakar aðstæður, svo sem vegna róðra frá afskekktum stöðum. Ekki er ætlunin að gera breytingar á þessu ákvæði einungis breyta tilvisun í eldi málsgrein sem færast til innan greinarinnar.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru byggð á gildandi lögum auk 1. mgr. 17. gr. laga um stjórn fiskveiða og efnisákvæðum í 7. og 8. gr. reglugerðar nr. 557/2007, um afladagbækur. Ákvæðin eru hins vegar nokkuð fyllri og gert ráð fyrir því nýmæli að skráning í afladagbók skuli vera innan ákveðinna frávika miðað við skráða vigt afla á hafnarvog. Nákvæmni skráningar í afladagbók skal þannig vera innan 10% skekkju miðað við vigtaðan afla. Þegar afla er landað til vigtunar getur verið um verulegt frávik að ræða milli magns áætlaðs afla í afladagbók og þess sem vigtað er við löndun. Mikið frávik í afladagbók frá raunverulegu aflamagni getur leitt til þess að upplýsingar úr afladagbókum séu ekki nothæfar og gögn sem unnin eru upp úr þessum bókum gefi í raun ranga mynd af raunverulegum aflatölum. Vegna þessa er mikilvægt að skráning afla í afladagbækur sé sem réttust. Að auki má skoða veruleg frávik í afladagbók frá raunverulegri vigt afla við reglubundið eftirlit þannig að veiðar hlutaðeigandi fiskiskips verði teknar til nánari athugunar samkvæmt öðrum ákvæðum laganna. Í greininni er auk þess gerð tillaga um heimild til að mæla fyrir um undanþágu frá skyldu til að halda rafræna afladagbók, þ.e. leyfi til að halda afladagbók í bókarformi, en hér er m.a. höfð í huga sú undanþága sem nú er sett í 3. gr. (og áður 12. gr.) reglugerðar nr. 667/2007, um afladagbækur, með áorðnum breytingum. Markmiðið hlýtur samt að vera að sem flestir noti rafræna afladagbók.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar fela í sér breytingu á 1. og 2. mgr. 12. gr. laganna þar sem kveðið er á um að aðili sem stundar viðskipti með afla skuli ganga úr skugga um að afli hafi verið veginn samkvæmt gildandi reglum um vigtun sjávarafila. Afli sem ekki er veginn og skráður í samræmi við lög og reglur þar um telst vera ólögmetur sjávarafli. Vafi getur leikið á því hvaða aðili telst vera aðili sem stundar viðskipti með afla. Gert er ráð fyrir því að ákvæðið gildi ekki aðeins um kaupendur afla heldur alla aðila sem stunda viðskipti með afla og þá sem hafa milligöngu um slík viðskipti. Að auki er lagt til að skýrt verði kveðið á um að óheimilt sé að taka við, vinna, stunda viðskipti með afla eða hafa milligöngu um viðskipti með afla sem ekki hefur verið vigtaður.

Um 4. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli í lögum. Lögð er sú skylda á skipstjórnendur að kæla afla með ís eða öðrum búnaði eins fljótt og auðið er eftir að hann er kominn um borð í veiðiskip til þess að tryggja gæði aflans og hámarka verðmæti hans. Þessi skylda er í samræmi við markmið laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, en þar segir: „Markmið laga þessara er að bæta umgengni um nytjastofna sjávar og stuðla að því að þeir verði nýttir með sjálfbærum hætti er tryggi til langs tíma hámarksafurkastur fyrir íslensku þjóðina.“ Ónóg kæling afla veldur lakari gæðum og mögulega skemmdum á aflanum og því er mjög mikilvægt að kæling sé nægjanleg og rétt. Í þessu ákvæði er kveðið á um meðferð aflans með tilliti til gæða og hámarksverðmæta. Lög nr. 93/1995, um matvæli, kveða hins vegar á um kröfur um kælingu með tilliti til heilbrigðis sjávarafurða, þar á meðal skemmdra sjávarafurða.

Hitastig afla skal vera í samræmi við kröfur reglugerða þar um. Gert er ráð fyrir að hitastig afla dagróðrabáta skuli vera undir 2,5°C tveimur klukkustundum eftir að aflinn er tekinn um borð. Hitastig afla skipa, sem eru lengur en 24 klukkustundir í veiðiferð, skal vera 1°C fjór- um klukkustundum eftir að aflinn er tekinn um borð.

Í ákvæðinu eru sérákvæði um kælingu afla með ís. Þannig skal ís vera nægur í flutnings-
íláti frá veiðum til vinnslu aflans. Skipstjóri skal að beiðni eftirlitsaðila geta sýnt fram á að
nægur ís sé til staðar, eða hafi verið til staðar, til að kæla afla sem um borð kemur í veiði-
ferðinni. Þetta getur skipstjóri gert með því að sýna fram á kaup nægjanlegs íss fyrir tiltekna
veiðiferð.

Ákvæðið tilgreinir jafnframt reglur um meðferð aflans. Þannig skal verja afla fyrir áhrifum
sólar og annarra hitagjafa eins fljótt og auðið er eftir að hann er kominn um borð. Afli sem
geymdur er utan dyra skal varinn fyrir umhverfismengun og sólarljósi með loki eða yfir-
breiðslu.

Nauðsynlegt er að hitastig afla verði ákveðið í reglugerð enda geta hitastigskröfur verið
mismunandi eftir kælitækni eða breyst vegna nýrra krafna. Jafnframt þarf að ákveða hitastig
eftir lengd veiðiferða. Að auki getur mögulega þurft að lögfesta reglur um tegund kælibún-
aðar og aðferð við kælingu eða eftirlit með kælingu afla.

Um 5. gr.

Ákvæðið er nýmæli í lögum. Gert er ráð fyrir að útgerðir eða vigtunarleyfishafar greiði
raunkostnað vegna viðbótareftirlits sem framkvæmt er vegna gruns eða vísbendinga úr áður
framkvæmdu eftirliti Fiskistofu. Eðlilegt verður að telja að eftirlitsþolar, sem grunaðir eru
um eða vísbendingar eru um að fara ekki að lögum greiði það eftirlit sem nauðsynlegt er til
að ganga úr skugga um að viðkomandi fari að lögum. Óeðlilegt er að Fiskistofa greiði slíkt
eftirliti af greiðslum fengnum úr ríkissjóði. Með þessu fyrirkomulagi má gera ráð fyrir
nokkrum almennum varnaðaráhrifum hjá útgerðum eða vigtunarleyfishöfum þar sem eftir-
litsþolar geti ekki búist við því að aðrir greiði fyrir eftirlit sem framkvæmt er vegna mögu-
legra brota viðkomandi.

Um 6. gr.

Með þessu ákvæði er leiðrétt tilvísun til ákvæðis í lögum um stjórn fiskveiða sem hefur
verið röng eftir að þau voru endurútgefin samkvæmt fyrirmælum í 4. gr. laga nr. 42/2006, um
breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990.

Um 7. gr.

Ákvæðið heimilar Fiskistofu að meta hvort svipta eigi skip veiðileyfi ef brotið er gegn
lögnum í stað þess að henni var það skylt áður. Þannig getur Fiskistofa valið að svipta skip
veiðileyfi og að auki lagt á útgerð eða skipstjóra stjórnsýslusekt eða beitt öðru hvoru úrræð-
inu.

Um 8. gr.

Ákvæðið heimilar Fiskistofu að meta hvort svipta eigi vigtarleyfishafa leyfi ef brotið er
gegn lögnum í stað þess að henni var það skylt áður. Fiskistofa getur þannig valið að svipta
leyfishafa vigtarleyfi og að auki lagt á vigtarleyfishafann stjórnsýslusekt eða beitt öðru hvoru
úrræðinu.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru sett til samræmis við þær tillögur sem 10. gr. frumvarpsins
hefur að geyma.

Um 10. gr.

Um a-lið (18. gr. a).

Ákvæðið kveður á um þá aðferðafræði sem beita á við reglubundið eftirlit Fiskistofu með umsaminni nettóvigt í flutningslátum. Fiskistofa skal við vigtun afla velja af handahófi það úrtak sem vigta skal þannig að það gefi sem réttasta mynd af veiddum afla. Við frávik frá umsaminni nettóvigt í flutningslátum skal stofnunin vigta stærra úrtak og sé enn um að ræða frávik umfram tiltekin mörk skal vigta allan afla skipsins. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um framkvæmd vigtunar við eftirlit samkvæmt þessari grein,

Um b-lið (18. gr. b).

Með ákvæðum þessarar greinar er lagt til að Fiskistofa öðlist heimildir til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á nánar tilteknum ákvæðum laganna. Þessari tillögu er fyrst og fremst ætlað að gera eftirlit Fiskistofu einfaldara og skilvirkara, en samkvæmt gildandi lögum sæta brot gegn lögnum opinberri ákæru og meðferð sem sakamál.

Með ákvæðum greinarinnar er lagt til að við ákvörðun sekta skuli m.a. taka tillit til þeirra hagsmuna sem í húfi eru, alvarleika brots, hvort brot leiði til rangskráningar afla, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Við afmörkun hámarks sektarfjárhæða var litið til þeirra miklu hagsmuna sem um er að ræða og miðar ákvæðið þannig að því að tryggja að einstaklingar eða lögaðilar geti ekki hagnast á því að brjóta gegn ákvæðum laganna.

Gert er ráð fyrir að ákvörðun Fiskistofu um stjórnvaldssekt sé aðfararhæf og að sektir fari í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu. Stjórnvaldssektum skal beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi. Stjórnvaldssektir skal þó aðeins leggja á löggiltan vigtarmann eða ökumann afla ef lögbrot er framið af ásetningi.

Ákvæðið veitir Fiskistofu heimild til þess að fella mál niður án viðurlaga í ákveðnum tilvikum sem lögfest eru í ákvæðinu. Er slík niðurfellingarheimild eðlileg í ljósi meðalhófs og byggist á fyrirmynd í öðrum lögum.

Í lokamálsgrein ákvæðisins er kveðið á um að aðili máls geti einungis skotið ákvörðun um stjórnvaldssekt til dómstóla og að málshöfðunarfrestur sé þrjú mánuðir frá því að ákvörðun var tekin. Þá frestar málskot ekki aðför. Við útfærslu ákvæðisins var m.a. höfð hliðsjón af 97. gr. laga nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi.

Um c-lið (18. gr. c).

Hér er kveðið á um heimild Fiskistofu til að ljúka máli með sátt sé ekki um meiri háttar brot að ræða sem refsiviðurlög liggja við. Höfð var hliðsjón af 98. gr. laga nr. 56/2010 við útfærslu ákvæðisins.

Um d-lið (18. gr. d).

Höfð var hliðsjón af 100. gr. laga nr. 56/2010 við útfærslu ákvæðisins. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um e-lið (18. gr. e).

Hér er lagt til að lögfest verði ákvæði er kveður á um rétt einstaklings til að fella ekki á sig sök við rannsókn á stjórnsýslustigi. Á meðan slíkt almennt ákvæði er ekki í stjórnsýslulögum þykir æskilegt að inntak réttarins verði lögfest í þessum lögum þar sem stjórnsýsluviðurlög, sem talist geta viðurlög við „refsiverðu broti“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, liggja við brotum á lögnum. Ákvæðið á aðeins við ef til staðar er „rökstuddur grunur“ um að viðkomandi hafi framið refsivert brot. Þykir eðlilegt að miða við

að grunur yfirvalda sé svo sterkur að ástæða væri til að veita honum réttarstöðu grunaðs manns samkvæmt reglum opinbers réttarfars. Þannig verði að vera til staðar aðstæður eða sönnunargögn sem bendi til sektar viðkomandi og rannsókn að beinast að honum sérstaklega en ekki stærri hópi manna. Ef til staðar er rökstuddur grunur um að viðkomandi hafi framið refsivert brot er honum aðeins skylt að veita upplýsingar ef unnt er að útiloka að þær geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um sekt hans. Væri honum því t.d. skylt að veita upplýsingar um nafn sitt og heimilisfang.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að ákvarðanir um stjórnvaldssektir, sem ákveðnar eru skv. b-lið 10. gr. frumvarpsins skulu hafa ítrekunaráhrif í tvö ár til samræmis við önnur viðurlög laganna.

Um 12. gr.

Með þessari grein er Fiskistofu sérstaklega heimilað að birta upplýsingar um álagðar stjórnvaldssektir á einstaka einstaklinga og lögaðila í sjávarútvegi með sama hætti og gildir nú þegar um sviptingu veiðileyfa og vigtunarleyfa.

Um 13. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að alvarlegustu brotin gegn ákvæðum laganna verði lýst refsiverð. Höfð var hliðsjón af 102. gr. laga nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi, við útfærslu ákvæðisins.

Í ákvæðinu er lagt til að brot gegn lögnum varði refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Í 4. mgr. er lagt til að tilraun til brota eða hlutdeild í brotum verði refsiverð.

Þá er í 5. mgr. kveðið á um að heimilt sé að gera upptækan með dómi ávinning sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laganna.

Um 14. gr.

Í greininni er kveðið á um kæru til lögreglu og var höfð hliðsjón af 102. gr. laga nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi, við útfærslu ákvæðisins. Lagt er til að brot gegn lögnum skuli aðeins sæta rannsókn sem sakamál að undangenginni kæru Fiskistofu til lögreglu.

Varði meint brot á lögnum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fiskistofa hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber stofnuninni að vísa þeim til lögreglu.

Fiskistofu er jafnframt heimilt að láta lögreglu og ákærvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast tilgreindum brotum. Þá er Fiskistofu heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn brotanna. Sama á við um lögreglu og ákærvald. Þeim er heimilt að láta stofnuninni í té upplýsingar og gögn sem þau hafa aflað og tengjast tilgreindum brotum. Loks er lagt til að telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar við stjórnsýsluviðurlög þá geti hann sent eða endursent málið til Fiskistofu til meðferðar og ákvörðunar.

Um 15. gr.

Hér er lögð til breyting á lögum nr. 93/1995, um matvæli. Ákvæðið gerir ráð fyrir að Matvælastofnun geti framselt tiltekin eftirlitsverkefni til Fiskistofu með samningi. Hér er sér-

staklega horft til verkefna vegna eftirlits Matvælastofnunar með kælingu afla. Matvælastofnun hefur samkvæmt lögum eftirlit með kælingu matvæla, þar á meðal sjávarafurðum. Þetta eftirlit Matvælastofnunar miðar að því að koma í veg fyrir markaðssetningu matvæla sem ekki eru örugg til neyslu, þ.e. heilsuspillandi eða óhæf til neyslu. Fiskistofa hefur hins vegar eftirlit með kælingu sjávarafurða á grundvelli laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Hér er um að ræða eftirlit með gæðum sjávarafurða og háværkun verðmæta sjávarafla. Eðlilegt er að samræma eftirlit þessara tveggja aðila ef þess er nokkur kostur. Gera má ráð fyrir því að slíkt eftirlit verði skilvirkara og jafnvel hagkvæmara ef Fiskistofa sinnir slíku eftirliti en Matvælastofnun þar sem Fiskistofa hefur jafnan eftirlit með sjávarafla. Verði verkefni flutt milli eftirlitsaðila er gert ráð fyrir að viðkomandi eftirlitsaðili geti beitt þvingunar- og viðurlagaúrræðum laganna. Við slíka samningsgerð verður að gera ráð fyrir að gjaldskrár haldist óbreyttar til að tryggja hagsmuni eftirlitsþola.

Um 16. gr.

Ákvæðið gerir ráð fyrir því að sambærilegt ákvæði og kveðið er á um í 15. gr. frumvarpsins og fyrirhugað er að lögfesta í lögum nr. 93/1995, um matvæli, verði sett í lög nr. 55/1998, um sjávarafurðir. Í þessu efnisákvæði er þó um víðtækari heimild fyrir Matvælastofnun að ræða þar sem hún einskorðast ekki við framsal til Fiskistofu heldur til annarra opinberra eftirlitsstofnana.

Um 17. gr.

Núgildandi ákvæði gerir stjórnendum vinnslustöðva, skipa og annarra starfsstöðva skylt að veita Matvælastofnun eða faggiltum aðilum sem falin eru tiltekin verkefni varðandi eftirlit samkvæmt samningi við Matvælastofnun allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og skoðunar, þ.m.t. aðgang að hverjum þeim stað þar sem sjávarafurðir eru unnar eða geymdar. Matvælastofnun og faggiltir aðilar skulu hins vegar fara með þær upplýsingar sem leynt eiga að fara sem trúnaðarmál. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að ákvæðið taki einnig til annarra opinberra eftirlitsaðila, svo sem Fiskistofu og faggiltra aðila ef um þá er að ræða.

Um 18. gr.

Í þessari grein er lagt til að ákvæði um afladagbækur falli brott í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða jafnhliða setningu nokkuð fyllri ákvæða um afladagbækurnar, sbr. 2. gr. þessa frumvarps.

Um 19. gr.

Gera verður ráð fyrir því að leyfishafa heimavigtunar vegna uppsjávarafla þurfi ráðrúm til að breyta fyrirkomulagi núverandi vigtunar, sem er í flestum tilvikum hluti af vélbúnaði viðkomandi. Því er lagt til að ákvæði sem breytir fyrirkomulagi vigtunar uppsjávarfisks taki gildi ári síðar en önnur ákvæði laganna. Ákvæðinu er jafnframt ætlað að marka skýr lagaskil.

Fylgiskjal.